

**Ed.**

**536. Nefndarálit**

[125. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Samstaða hefur ekki náðst í landbúnaðarnefnd í máli þessu. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Við, sem skipum minni hlutann, teljum frumvarpið svo mjög gallað að við getum ekki stutt það. Þó munum við freista þess að fá frumvarpinu breytt og flytjum við því á sérstöku þingskjali breytingartillögur í trausti þess, að þær lagfæringar fáiast, sem við teljum nauðsynlegar fyrir fylgi við málið.

Alþingi, 6. apríl 1979.

Þorv. Garðar Kristjánsson,      Jón Ásbergsson.  
frsm.